

Þingfundargerð - 56. sambandsþing USVS

1. Þingsetning

Formaður USVS, Jóhann Bragi Elínarson, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og setti þingið.

2. Kosning þingforseta

Jóhann Bragi gerir tillögu að Einar Kristján Jónsson verði þingforseti.

Samþykkt.

Einar Kristján þakkar traustið og tekur til starfa.

3. Kosning 1. og 2. þingritara

Þingforseti gerir tillögu að Rannveig Ólafsdóttir og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson verði þingritarar.

Samþykkt samhljóða

4. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

Tillaga frá stjórn um kjörbréfanefnd:

Formaður nefndarinnar verði Anna Huld Óskarsdóttir og með henni í nefndinni Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir og Lára Oddsteinsdóttir.

Samþykkt samhljóða - Nefndin tekur strax til starfa

5. Ávarp formanns – skýrsla stjórnar USVS

Jóhann Bragi Elínarson formaður USVS flutti skýrslu stjórnar.

Kæru félagar

Að baki er viðburðaríkt starfsár hjá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu. Mikil virkni var í starfinu og sýnir það sig til að mynda vel í fjölda stjórnarfunda sem voru alls 11 á starfsárinu.

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að virkja heimasíðu sambandsins að nýju sem hafði legið niðri sem og netfangið usvs@usvs.is. Þáverandi formaður USVS, Sunna Wíium, sótti

vorfund UMFÍ að Reykjum í Hrútafirði 10. maí og viku síðar, 16. & 17. maí, 77. Íþróttapíng ÍSí þar sem Lárus Blöndal lét af embætti forseta sambandsins og Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSí. Árni Jóhannsson gjaldkeri USVS sótti fund með svæðisfulltrúum og fulltrúum stjórna HSK og ÍBV þann 10. júní sem átti eftir að reynast upphafið af enn meira samstarfi.

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson framkvæmdastjóri USVS tók við lestrinum og kláraði að flytja skýrslu stjórnar.

Iðkendur Ungmennafélagsins ÁS og Ungmennafélagsins Kötlu spiluðu undir merkjum USVS á Smábæjaleikunum á Blönduósi, mikil og sterk hefð er orðin fyrir því á starfssvæði sambandsins að sækja Smábæjaleikana. Keppnin á þessum mótum er aðeins lítill hluti í stóra samhenginu því sú mikla og góða samvera skilur einnig mikið eftir sig. USVS átti að þessu sinni fjögur lið á mótinu og hefur aldrei átt fleiri. Keppendur stóðu sig með sóma og komst þar 5. flokkur á verðlaunapall þar sem þau hrepptu annað sætið í sínum flokki.

Að loknum Smábæjaleikum hófst undirbúningur fyrir Unglingalandsmót UMFÍ sem fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Keppendur USVS á mótinu voru 29 og gátu þau öll tekið þátt á mótinu sér að kostnaðarlausu þökk sé okkar góðu styrktaraðilum. Þetta eru E. Guðmundsson ehf, Smiðjan, AVP. ehf, Húsá ehf, Landeigendafélagið Loðmundur, Lionsklúbburinn Suðri og RR Tréverk sem gerðu þetta mögulegt og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Keppendurnir 29 unnu alls til 15 verðlauna á mótinu, fjögurra gullverðlauna, þriggja silfurverðlauna og átta bronsverðlauna. Glæsilegur árangur og frábær samvera eins og alltaf á Unglingalandsmótum.

Hið árlega héraðsmót USVS í frjálsum íþróttum fór fram á íþróttavellinum í Vík 19. ágúst. Mótsstjóri var Ástþór Jón Ragnheiðarson. 33 keppendur voru skráðir á mótið sem gekk vel fyrir sig. Fjöldi sjálfboðaliða kom að mótinu og þökkum við þeim kærlega fyrir sitt ómetanlega framlag.

Í lok ágúst sótti ritari USVS, Fanney Ólöf Lárusdóttir, fund til Vestmannaeyja þar sem hún sat fundi með svæðisfulltrúum ÍSí og UMFÍ á Suðurlandi sem og með stjórnunum ÍBV og HSK. Útkoman úr þessum fundarhöldum var sú að svæðisfulltrúunum, þeim Bryndísi Láru Hrafnkelsdóttur og Rakel Magnúsdóttur, var falið að skipuleggja samráðsfund allra aðildarféлага innan USVS, ÍBV og HSK þar sem stjórnir aðildarféлага og framkvæmdastjórar fengu boð á fundinn. Fundurinn var haldinn á Stracta Hotel á Hellu þann 14. nóvember og tókst afar vel til. Fundinn sóttu um 50 manns frá félögunum en þar að auki góðir gestir, má þar m.a. nefna Willum Þór Þórsson forseta ÍSí og Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ en þau fluttu bæði erindi á fundinum. Jóhann Bragi og Fanney Ólöf sóttu fundinn fyrir hönd USVS.

54. sambandsþing UMFÍ fór fram í Stykkishólmi dagana 10.-11. október síðastliðinn. Fulltrúar USVS á þinginu voru þau Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Jóhann Bragi Elínarson og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson. Þingið var viðburðaríkt en þar var meðal annars samþykktur svokallaður björgunarpakki til að mæta smærri íþróttahéruðum landsins sem orðið hafa fyrir hvað mestum áhrifum eftir breytinguna sem varð á útgreiðslu á lottó.

Í byrjun nóvember fór Sunna Wíium í fæðingarorlof og lét samhliða því af embætti formanns USVS. Færum við Sunnu bestu þakkir fyrir hennar framlag til sambandsins. Á stjórnarfund 12. nóvember var samþykkt að Jóhann Bragi, sem áður var meðstjórnandi í stjórn, tæki við sem starfandi formaður USVS fram að næsta sambandsþingi. Fyrsta verk nýs formanns var að sækja formannafund ÍSÍ sem fór fram á Akranesi þann 21. nóvember.

Mikil breyting varð svo á allri gagnavinnslu og ut anumhaldi sambandsins þegar USVS fékk aðgang að Microsoft non-profit. UMFÍ býður samböndum að nýta þennan möguleika. Nú eru öll gögn USVS vistuð á vísu stað og aðgengilegri en áður. Þessi tækni viðbót hefur reynst mjög vel og skiptir miklu máli fyrir allt okkar starf og skipulag. Til viðbótar við þetta fékk sambandið aðgang að Abler í gegnum UMFÍ sem kemur sér m.a. afar vel til að halda utan um skráningar á mót.

USVS sótti vorið 2025 um styrk í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar í verkefnið Stelpur í fótbolta. Sambandið fékk úthlutað 500.000 kr. styrk og átti námskeiðið að fara fram nú í mars síðastliðnum. Vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að fresta námskeiðinu að sinni og verður ný dagsetning kynnt fljótlega. Formaður USVS hefur átt í virku samtali við KSÍ til að skipuleggja námskeiðið.

Fyrsta verkefni nýs árs var að halda sambandsráðsfund þann 7. janúar á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Mikil ánægja var með fundinn, til viðbótar við gott og mikilvægt samtal stjórnar USVS, formanna aðildarféлага og svæðisfulltrúana þá flutti Pálmar Ragnarsson erindi um jákvæð samskipti og Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ flutti erindi um hlutverk héraðssambanda.

Þann 26. janúar var gengið frá ráðningu framkvæmdastjóra í 50% starf, þá undirritaði formaður fyrir hönd stjórnar USVS samning við Sigurð Eyjólf Sigurjónsson. Í byrjun febrúar var svo haldinn fundur með formönnum aðildarféлага ásamt formanni og framkvæmdastjóra USVS. Þar var nýr framkvæmdastjóri kynntur og formenn félaganna ræddu um hvernig hann gæti styrkt og stutt við starfið innan aðildarfélaganna.

USVS hefur staðið fyrir tveimur mótum það sem af er árinu 2026, hið árlega innanhúsmót í frjálsum íþróttum á Kirkjubæjarklaustri í febrúar þar sem þátttaka var hreint út sagt stórglæsileg. Keppendur voru 70 talsins og er um að ræða metþátttöku. Mótsstjóri var Ástþór Jón Ragnheiðarson og að mótinu komu fjölmargir sjálfboðaliðar. Þann 22. mars sl.

fór fram innanhúsmót í fótbolta á Klaustri sem tókst afar vel til og voru keppendur um 40 talsins. Við færum öllum þeim sem komu að þessum mótum með einum eða öðrum hætti kærar þakkir fyrir sitt framlag.

Með nýjum framkvæmdastjóra hefur margt gott komist í verk, helstu verkefni hans á þessum fyrstu vikum í starfi hefur verið að skipuleggja mótahald, taka til á heimasíðu sambandsins og gefa henni nýtt útlit. Hann var einnig aðildarfélögum innan handar við umsóknir í Hvatasjóð Íþróttahreyfingarinnar nú í mars. Það er gaman að segja frá því að USVS er fyrsta héraðssambandið þar sem öll aðildarfélög hafa sótt um í Hvatasjóðinn. En mesti tíminn hefur farið í umfangsmikla vinnu við gerð gæðahandbókar USVS sem er hluti af stærra verkefni við að koma USVS í hóp Fyrirmyndahéraða ÍSÍ. Það er mikið ánægjulegt að segja frá því að öll gögn vegna þeirrar umsóknar liggja nú fyrir og er það því aðeins orðið tímaspursmál hvenær USVS kemst í hóp Fyrirmyndarhéraða sem verður mikið heillaskref fyrir sambandið.

Mig langar einnig hér aðeins að koma inni á mikilvægi svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna. Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir eru svæðisfulltrúarnir okkar á Suðurlandi og skipta okkur miklu máli. Þær eru alltaf tilbúnar til að aðstoða okkur ef eitthvað er og taka málin áfram. Þær hafa jafnframt skipt miklu máli í því tengja okkur öll betur saman á Suðurlandi innan USVS, HSK og ÍBV. Það er frábært að þessi vettvangur sé til þar sem við fulltrúar sambandanna á Suðurlandi getum deilt hugmyndum og lært af hvort öðru. Að þessu sögðu verður ekki annað sagt en það sé afar mikilvægt að starfsemi svæðisstöðva íþróttahreyfingarinnar verði tryggð til framtíðar enda er það alltaf að koma betur og betur í ljós hversu miklu máli svæðisstöðvarnar skipta.

Kæru þingfulltrúar og gestir. USVS hefur alla burði til að vera meðal öflugustu héraðssambanda landsins og sá tímamóta samstarfssamningur við sveitarfélögin Mýrdalshrepp og Skaftáhrepp sem undirritaður verður hér í dag mun styðja enn frekar við þá vegferð sem fram undan er. Samningur sem á eftir að verða fyrirmynd fyrir aðra. Það er mikill meðbyr núna og margt spennandi handan við hornið. Ég hvet aðildarfélögin til að vera óhrædd að leita til okkar ef eitthvað er, við erum hér fyrir ykkur.

Stjórn USVS færir aðildarfélögum sérstakar þakkir fyrir öflugt og grósku mikið starf á starfsárinu og hlakkar til samstarfsins á því næsta. Ég vil hér að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi USVS á einn eða annan hátt á liðnu starfsári fyrir sitt framlag til sambandsins.

6. Ársreikningar sambandsins

Árni Jóhannsson gjaldkeri USVS les reikninga sambandsins.

Helstu niðurstöður:

- Rekstrartekjur: kr. 4.402.512
- Rekstrargjöld: kr. 3.445.332
- Hagnaður ársins: kr. 1.275.922
- Handbært fé í árslok: kr. 12.335.899

Reikningar samþykktir samhljóða

7. Ávörp gesta

- Ragnheiður Högnadóttir frá UMFÍ tók til máls. Ragnheiður fer yfir gott og mikilvægt samstarf UMFÍ og sambandsfélaganna. Hún talar um breytingar á úthlutunum Lottó og samþykktir björgunarpakkans sem samþykktur var á sambandsþingi UMFÍ í Stykkishólmi. En það sé þó ekki framtíðarlausn. Ragnheiður minnst á mikilvægi þess að skrá USVS sem almannaheillafélag og bendir á ýmis konar sjóði sem hægt sé að sækja styrkfé. Eftir ávarp sitt greindi Ragnheiður frá því að henni hafi verið falið það verkefni af framkvæmdastjórn UMFÍ að veita starfsmerki. Starfsmerki UMFÍ hlutu þau: Árni Jóhannsson, Ólafur Magnússon og Þórdís Erla Ólafsdóttir Dýrfjörð. Í kjölfarið á því voru afhent tvö gullmerki sem þær Fanney Ólöf Lárusdóttir og Erla Þórey Ólafsdóttir hlutu.
- Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ tók til máls. Hafsteinn flytur kveðjur frá formanni og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Hafsteinn hvetur félögin til að gæta vel að utanumhaldi á félagsstarfi sínu. Hann hvetur einnig almenning til að taka þátt í átaksverkefnum innan ÍSÍ, það sé kjörinn vettvangur til að taka virkan þátt í íþróttastarfi.

- Guðríður Aadnegard formaður HSK tók til máls. Flutti kveðju frá framkvæmdastjóra HSK og þakkaði fyrir gott og mikilvægt samstarf milli íþróttahéraðanna á Suðurlandi. Var hugsi yfir því hvort hún ætti að leggja í þetta ferðalag en minntist þess þá að formaður og framkvæmdastjóri USVS hefðu sótt þing HSK á óveðursdegi, því hefði hún enga afsökun fyrir því að sækja ekki þing USVS.
- Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps tók til máls. Hrósar sambandinu fyrir starf sitt og glæsilega umgjörð í kringum þingið. Talar um mikilvægi USVS og aðildarfélaganna í þágu samfélagsins.
- Jóhannes Gissurarson oddviti Skaftárhrepps tók til máls. Þakkaði fyrir boðið og talaði um mikilvægi ungmennafélagshreyfingarinnar. Jóhannes stiklaði á stóru yfir sögu ungmennahreyfingar á svæðinu allt frá fyrstu fundargerð Svansins árið 1919. Talaði um mikilvægi þess að styðja við sjálfböðastarf. Samningur sem verður undirritaður milli sveitarfélaga og USVS.

8. Álit kjörbréfanefndar

Formaður kjörbréfanefndar Anna Huld Óskarsdóttir gerir grein fyrir kjörbréfum. Rétt til þingsetu eiga 23 þingfulltrúar. Af 23 sem rétt eiga til setu á þinginu eru 22 mættir. Hún les nöfn þingfulltrúa sem rísa úr sætum.

- Frá Golfklúbbnum Vík (2/3): Anna Huld Óskarsdóttir og Þorgeir Guðnason
- Frá Hestamannafélaginu Kópi (5/5): Pálína Pálsdóttir, Guðbrandur Magnússon, Sigurbjörn Ási Pétursson, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir.
- Frá Hestamannafélaginu Sindra (5/5): Þórdís Ingunn Björnsdóttir, Lára Oddsteinsdóttir, Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, Sanne van Hezel, Sunna Wiium.
- Frá Ungmennafélaginu ÁS (5/5): Fanney Ólöf Lárusdóttir, Bjarni Dagur Bjarnason, Sæunn Káradóttir, Bryndís Karen Pálsdóttir, Konný Sif Gottsveinsdóttir

- Frá Ungmennafélaginu Kötlu (5/5): Sara Lind Kristinsdóttir, Óðinn Gíslason, Kristún Friðsemd Sveinsdóttir, Guðlaug Lilja Sævarsdóttir, Þórdís Erla Ólafsdóttir.

Kjörbréfanefnd hefur farið yfir kjörbréf og leggur til að þau verði samþykkt. Kjörbréf samþykkt samhljóða.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.

Ekkert mál liggur fyrir undir þessum lið.

10. Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og reikningum félagsins

Engar umræður voru um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur borin upp til samþykktar - samþykkt samhljóða.

11. Kosning í nefndir:

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson framkvæmdastjóri USVS tók til máls og bar upp þá tillögu að bregða út af vananum og sleppa nefndarstarfi. Þess í stað að taka fyrir þingskjölin í einni málstofu. Þingforseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

12. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Árni Jóhannsson gjaldkeri USVS leggur fram fjárhagsáætlun fyrir hönd stjórnar fyrir árið 2026.

Þingskjal nr. 1 - Fjárhagsáætlun

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026

Samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2026

	Áætlað 2026	Áætlað 2025
Tekjur		
Lottó	2,000,000	2,000,000
Þjónustustyrkur	4,200,000	
Íþróttamaður ársins	350,000	
Heilsuvika	350,000	
Þjörgunarpakki	3,701,146	

Samtals	10,601,146	2,000,000
Gjöld		
Lottó til félaga	800,000	1,200,000
Æskulýðssjóður	450,000	500,000
Björgunarpakki	3,084,290	
Smábæjaleikar	450,000	
Unglingalandsmót	400,000	
Akstur þjálfara	240,000	217,000
Laun framkvæmdarstjóra	4,200,000	
Laun þjálfara	1,050,000	
Heimasíða	55,000	50,000
Bókhaldsaðstoð	60,000	60,000
Sambandsþing	350,000	300,000
Mótahald	400,000	400,000
Kostnaður vegna funda	200,000	200,000
Samtals	11,739,290	2,927,000
<u>Hagnaður/tap</u>	(1,138,144)	(927,000)

Sæunn Káradóttir spurði um björgunarpakkann, Árni gerði grein fyrir því. Einskiptis aðgerð sem samþykkt var á sambandsþingi UMFÍ til að mæta minni félögum sem urðu verst úti við breytingu á lottó reglugerðinni.

Fanney Ólöf Lárusdóttir spurði um heilsuviku. Þingforseti gerði grein fyrir því að heilsuvika væri hluti af samstarfssamningi USVS, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps sem stæði til að undirrita síðar á þinginu.

Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar - samþykkt samhljóða.

13. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum

Þingskjal nr. 9

Tillögur að lagabreytingum

1. grein

Eldri lagagrein	Ný lagagrein	Rökstuðningur
1.1 Ungmennasamband Vestur-Skaftafellsýslu, skammstafað USVS, er samtök ungmenna- og íþróttafélaga í Vestur-Skaftafellsýslu.	Ungmennasamband Vestur-Skaftafellsýslu, skammstafað USVS, er samtök ungmenna- og íþróttafélaga í Vestur-Skaftafellsýslu og starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ og í samræmi við ákvæði íþróttalaga. Varnarþing þess er í Mýrdalshreppi.	Æskilegt er að lögheimili og varnarþing sé þar sem skrifstofa sambandsins er staðsett en ekki hjá formanni sambandsins hverju sinni.
1.2 Lögheimili þess og varnarþing er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.	Greinin fellur út í heild sinni.	Æskilegt er að lögheimili og varnarþing sé þar sem skrifstofa sambandsins er staðsett en ekki hjá formanni sambandsins hverju sinni.

2. grein – Tilgangur USVS er:

2.1 Að styðja allt þar er miðar að andlegri og líkamlegri orku hinnar íslensku þjóðar.	2.1 Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.	Breytingar á 2. grein er gerð til þess að samræma við raunverulega starfsemi sambandsins. Nánara hlutverk sambandsins kemur fram í 3. greina laga er varðar hlutverk sambandsins.
2.2 Að vinna að því að vernda og efla stjórnarfræðslu og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðingu þeirra.	Greinin fellur út í heild sinni.	Breytingar á 2. grein er gerð til þess að samræma við raunverulega starfsemi sambandsins. Nánara hlutverk sambandsins kemur fram í 3. greina laga er varðar hlutverk sambandsins.
2.3 Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska með fræðslu og líkamspjálfun og til að rökhygga þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.	Greinin fellur út í heild sinni.	Breytingar á 2. grein er gerð til þess að samræma við raunverulega starfsemi sambandsins. Nánara hlutverk sambandsins kemur fram í 3. greina laga er varðar hlutverk sambandsins.
2.4 Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhótt meðal æskulýðsins í meðferð fjármuna sinna, vernda heilsunnar og	Greinin fellur út í heild sinni.	Breytingar á 2. grein er gerð til þess að samræma við raunverulega starfsemi sambandsins. Nánara hlutverk sambandsins kemur fram í 3. greina laga er varðar hlutverk sambandsins.

fegrun og hreinsun móðurmálsins.		
2.5 Að vinna að hverskenar menningar og framfararmálum í héraðinu.	Greinin fellur út í heild sinni.	Breytingar á 2. grein er gerð til þess að samræma við raunverulega starfsemi sambandsins. Nánara hlutverk sambandsins kemur fram í 3. greina laga er varðar hlutverk sambandsins.
2.6 Að hafa forystu um sameiginleg félagsmál og efla samvinnu aðildarfélagas USVS í sýslunni, svo og að vera fulltrúi félaganna utan héraðs.	2.2 Að hafa forystu um sameiginleg félagsmál og efla samvinnu aðildarfélagas USVS í sýslunni, svo og að vera fulltrúi félaganna utan héraðs.	Breyting á nr. greinar.
2.7 Að vekja áhuga á íþróttum og vinna að framkvæmdum til íþróttaiðkana innan héraðsins, svo sem byggingu og endurbótum sameiginlegra íþróttamannvirkja og aðstoða einstök félög í slíkri starfsemi eftir því sem ástæður leyfa.	2.3 Að vekja áhuga á íþróttum og vinna að framkvæmdum til íþróttaiðkana innan héraðsins, svo sem byggingu og endurbótum sameiginlegra íþróttamannvirkja og aðstoða einstök félög í slíkri starfsemi eftir því sem ástæður leyfa.	Breyting á nr. greinar.
2.8 Að vekja áhuga á og efla annað starf sem aðildarfélögin standa fyrir innan héraðs.	2.4 Að vekja áhuga á og efla annað starf sem aðildarfélögin standa fyrir innan héraðs.	Breyting á nr. greinar.
2.9 Að vinna að sameiginlegum fjármálum með því að bera fram styrkbeiðnir og úthluta sameiginlegu styrktarfé til kennslustarfsemi.	2.5 Að vinna að sameiginlegum fjármálum með því að bera fram styrkbeiðnir og úthluta sameiginlegu styrktarfé.	Orðalagsbreyting og breyting á nr. greinar.
2.10 Að útvega kennara og tæki til þjálfunar og fræðslu sé þess óskað.	2.6 Að útvega þjálfara og tæki til þjálfunar og fræðslu sé þess óskað.	Orðalagsbreyting og breyting á nr. greinar.

2.11 Að gangast fyrir árlegum héraðsmótum samkvæmt mótaskrá.	2.7 Að gangast fyrir árlegum héraðsmótum samkvæmt mótaskrá.	Breyting á nr. greinar.
---	--	-------------------------

3. grein – Hlutverk héraðssambands er:

3.1 Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSí, en sérráð er stofnuð eru, fara með sérgreinamál innan héraðsins.	Óbreytt	
3.2 Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.	Óbreytt	
3.3 Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.	Óbreytt	
3.4 Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.	3.4 Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta eða viðburða á vegum ÍSí eða UMFÍ í héraði.	Viðbætur við 3. grein til að samræma við ný lög ÍSí er varðar hlutverk íþróttahéraða.
3.5 Að staðfesta lög aðildarfélaga	3.5 Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.	Viðbætur við 3. grein til að samræma við ný lög ÍSí er varðar hlutverk íþróttahéraða.
3.6 Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag aðhalda	3.6 Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSí yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.	Viðbætur við 3. grein til að samræma við ný lög ÍSí er varðar hlutverk íþróttahéraða.

aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn héraðssambandsins / íþróttabandalagsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.		
3.7 Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands.	3.7 Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.	Í 3.6. grein hefur ákvæðið "Vanrækti aðildarfélagið að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn héraðssambandsins/íþróttabandalagsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans" verið tekið úr lögum ÍSí.
3.8 - Ný grein	3.8 Að tilkynna ÍSí og viðkomandi sersambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.	Viðbætur við 3. grein til að samræma við ný lög ÍSí er varðar hlutverk íþróttahéraða.
3.9 - Ný grein	3.9 Að tryggja góða stjórnarhætti innan íþróttahéraðsins.	Viðbætur við 3. grein til að samræma við ný lög ÍSí er varðar hlutverk íþróttahéraða.

4. grein

4.1 Öll ungmenna-, hestamanna- og íþróttafélög sem aðsetur hafa í sýslunni, hafa réttindi til þess að gerast sambandsfélög USVS, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma eru gildandi í lögum sambandsins, svo og lögum UMFÍ og ÍSí.	Öll ungmenna- og íþróttafélög sem aðsetur hafa í sýslunni, hafa réttindi til þess að gerast aðildarfélög USVS, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma eru gildandi í lögum sambandsins, svo og lögum UMFÍ og ÍSí.	Þar sem hestamannafélög eru íþróttafélög er rétt að fella hestamannafélög úr upptalningunni og orðalagsbreyting.
---	--	--

5. grein

5.1 Nú óskar félag eftir að gerast sambandsfélag í USVS og sendir það þá stjórn sambandsins umsókn sína	Óski félag eftir að gerast aðili að USVS, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn þess	Ákveðið er að sameina 5.1 og 5.2 í eina grein. Þetta er gert til þess að ákvæðið sé heildstætt og skýrt.
--	--	--

ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn félagsins og félagsfjölda.	og tölu félagsmanna. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í USVS eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn USVS. Enn fremur öðlast félagið keppnisrétt hjá ÍSÍ eftir að sambandið hefur staðfest inntöku í USVS. Til þess að öðlast réttindi sem aðildarfélag í USVS þarf félagið að senda inn fjárhagsáætlanir og halda aðalfund í samræmi við lög þess. Formleg inntaka nýs félag verður að hljóta samþykki sambandsþings.	
5.2 Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og hefur verið samþykkt á sambandsþingi USVS nýtur félagið fullra réttinda innan USVS. Stjórn USVS getur veitt félagi aðild til bráðabirgða fram að næsta þingi.		Ákveðið er að sameina 5.1 og 5.2 í eina grein. Þetta er gert til þess að ákvæðið sé heildstætt og skýrt.
5.3 Úrsögn aðildarfélags getur aðeins farið fram á ársþingi. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfellt gert skil á ársskýrslum eða árgjöldum má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leyti gerast brotleg gagnvart lögum þessum.	5.2 Úrsögn aðildarfélags getur aðeins farið fram á sambandsþingi. Þeim félögum sem ekki hafa í tvö ár samfellt gert skil á ársskýrslum má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leyti gerast brotleg gagnvart lögum þessum.	Breyting á nr. greinar og orðalagsbreyting. Ekki eru nein árgjöld sem þarf að greiða og því þarf það ekki að fylgja.

6. grein

6.1 Sambandsfélög USVS skulu senda ársskýrslur til stjórnar sambandsins fyrir 10. mars ár hvert, í því formi sem auglýst er hverju sinni.	Aðildarfélög USVS skulu senda ársskýrslur til stjórnar sambandsins fyrir 10. mars ár hvert, í því formi sem auglýst er hverju sinni.	Orðalagsbreyting.
6.2 Samtímis skal senda skattgreiðslur til stjórnarinnar.	Greinin fellur út í heild sinni	USVS innheimtir ekki skatt af aðildarfélögum og því ekki þörf fyrir þessa grein í lögum.
6.3 Stjórn USVS annast síðan sameiningu heildarskýrslu, skýrslu	6.2 Stjórn USVS annast síðan sameiningu heildarskýrslu og skýrslu félaganna.	Breyting á nr. greinar og íþróttafélögin eru ekki að greiða skatt til landssambanda.

félaganna og skattgreiðslur til landssambanda.		
--	--	--

7. grein

7.1 Sambandsþing hvers árs ákveður skattgreiðslur til USVS	Óbreytt	
7.2 Innifalin í skattgreiðslum skulu vera öll lögboðin árgjöld.	Óbreytt	
7.3 Skýrslu- og reikningsár USVS er almanaksárið.	Óbreytt	

8. grein

8.1 Félög sem ekki hafa sent ársskýrslu undanfarins starfsárs eða greitt lögboðin gjöld fyrir 10. apríl missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi USVS.	Félög sem ekki hafa sent ársskýrslu undanfarins starfsárs fyrir 10. apríl missa atkvæðisrétt sinn á næsta <u>sambandsþingi</u> USVS.	Engin gjöld sem þarf að greiða. Orðalagsbreyting.
8.2 Hafi skýrslur og gjöld ekki verið send fyrir sambandsþing, tekur þingið málið til athugunar skv. grein <u>5.3.</u>	Hafi skýrslur og gjöld ekki verið send fyrir sambandsþing, tekur þingið málið til athugunar skv. <u>Grein 5.2.</u>	Vegna breytinga á 5. grein laga verður liður 5.3 að 5.2 og þarf því að taka mið af því hér.

9. grein

9.1 Félag sem misst hefur réttindi sín, getur ekki öðlast þau aftur fyrir en það hefur gert full skil.	Óbreytt	
---	---------	--

10. grein

USVS er stjórnað af þremur aðilum: a) Sambandsþingi USVS b) Sambandsráði USVS	Óbreytt	
---	---------	--

c) Sambandsstjórn USVS		
------------------------	--	--

11. grein

11.1 Þing USVS er fulltrúaping og hefur hvert félag innan USVS rétt til að senda fulltrúa á það þannig að félag með færri en og allt að 30 félaga má senda 3 fulltrúa, en síðan komi 1 fulltrúi fyrir hverja 20 félaga, þó aldrei fleiri en 5 alls. Fulltrúar skulu hafa kjörbréf.	Óbreytt	
11.2 Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna, en enginn sambandsfulltrúi getur farið með meira en eitt atkvæði.	Óbreytt	
11.3 Laga- og reglugerðarbreytingar sem aðildarfélög USVS óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn sambandsins minnst 15 dögum fyrir þingið og skal stjórn sambandsins senda öllum aðildarfélögum gögn um þær tillögur eigi síðar en 10 dögum fyrir þingið. Ekki er heimilt að taka fyrir á sambandsþingi laga og/eða reglugerðarbreytingar sem hafa borist eftir að áður nefndir frestir til að skila inn tillögum er útrunnin, nema 2/3 hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykkja það.	Óbreytt	

12. grein

12.1 Sambandsþing USVS skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Ekki er heimilt að halda þingið sömu daga og íþróttaping eða formannafundur ÍSÍ fara fram.	Óbreytt	
12.2 Sambandsþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara.	Óbreytt	

12.3 Hvert aðildarfélag og sérráð eiga rétt á að tilnefna fulltrúa á Héraðsþing skv. nánari reglum þar um í lögum héraðssambandsins/íþróttabandalagsins.	Greinin fellur út í heild sinni.	Þetta ákvæði kemur fram í 11.1 grein laga USVS.
12.4 Val fulltrúa miðist við félagsmenn samkvæmt félagatali síðastliðins starfsárs.	12.3 Val fulltrúa miðist við félagsmenn samkvæmt félagatali síðastliðins starfsárs.	Breyting á nr. greinar
12.5 Skriflegt fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Héraðsþing skuli senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með eigi minna en einnar viku fyrirvara.	12.4 Skriflegt fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með eigi minna en einnar viku fyrirvara.	Breyting á nr. greinar og orðalagsbreyting.

13. grein

13.1 Á sambandsþingi USVS eiga sæti fulltrúar þeir sem sambandsfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 10. greinar.	Á sambandsþingi USVS eiga sæti fulltrúar þeir sem aðildarfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum greinar 11.1	Leiðrétting þar sem vitnað var til rangrar greinar og orðalagsbreyting
13.2 Heimild til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa allir ungmennafélagar í aðildarfélögum USVS, fulltrúar frá landssamböndum þeim sem USVS er í.	Heimild til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa allir ungmennafélagar í aðildarfélögum USVS og fulltrúar frá landssamböndum þeim sem USVS er í.	Orðalagsbreyting
13.3 Þá er stjórn sambandsins heimilt að bjóða fulltrúum frá öðrum aðilum að taka þátt í umræðum um einstök mál ef hún telur ástæðu til.	Óbreytt	
13.4 Framkvæmdastjóri getur ekki verið fulltrúi aðildarfélags á ársþingi USVS.	Framkvæmdastjóri getur ekki verið fulltrúi aðildarfélags á sambandsþingi USVS.	Orðalagsbreyting

14. grein

14.1 Verkefni sambandsþings skulu vera: 1. Þingsetning 2. Kosning 1. og 2. þingforseta 3. Kosning 1. og 2. þingritara 4. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar 5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar og fastanefnda. 6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar. 7. Ávörp gesta 8. Álit kjörbréfanefndar 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga 10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga 11. Kosnar nefndir a) íþróttanefnd b) fjárhagsnefnd c) allsherjarnefnd d) kjörnefnd e) aðrar nefndir er sambandsráð samþykkti að kjósa 12. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. 13. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum 14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar. 15. Þinghlé 16. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu 17. Önnur mál 18. Kosningar, álit kjörnefndar a) kosning formanns skv. ákvæðum 18. Gr. b) kosning fjögurra meðstjórnenda skv. ákvæðum 18. Gr. c) kosning þriggja varamanna skv. ákvæðum 18. Gr. d) kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara e) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. f) kosning fastanefnda og ráða g) kosning fulltrúa á íþróttaping og	1. Þingsetning 2. Kosning 1. og 2. þingforseta 3. Kosning 1. og 2. þingritara 4. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar 5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar og fastanefnda. 6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar. 7. Ávörp gesta 8. Álit kjörbréfanefndar 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga 10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga 11. Kosnar nefndir a) íþróttanefnd b) fjárhagsnefnd c) allsherjarnefnd d) kjörnefnd e) aðrar nefndir er sambandsráð samþykkti að kjósa 12. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. 13. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum 14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar. 15. Þinghlé 16. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu 17. Önnur mál 18. Kosningar, álit kjörnefndar a) kosning formanns skv. ákvæðum 18. Gr. b) kosning fjögurra meðstjórnenda skv. ákvæðum 18. Gr. c) kosning þriggja varamanna skv. ákvæðum 18. Gr. d) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. e) kosning fastanefnda og ráða f) kosning fulltrúa á íþróttaping og	Mælt er með að taka út endurskoðendur.
---	--	---

eins til vara 19 þingslit	eins til vara 19 þingslit	
14.2 Aukapíng skal halda ef tilmaeli koma fram um það frá a.m.k. 4 sambandsfélögum. Enn fremur getur stjórnin ákveðið að halda aukapíng ef meirihluti hennar telur ástæðu til. Um aukapíng gilda öll sömu ákvæði sem um ársþing nema hvað aukapíng getur ekki breytt ákvæðum laga þessara.	Aukapíng skal halda ef tilmaeli koma fram um það frá a.m.k. 4 aðildarfélögum. Enn fremur getur stjórnin ákveðið að halda aukapíng ef meirihluti hennar telur ástæðu til. Um aukapíng gilda öll sömu ákvæði sem um sambandsþing nema hvað aukapíng getur ekki breytt ákvæðum laga þessara.	Orðalagsbreyting

15. grein

15.1 Einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa ræður úrslitum um afgreiðslu tillagna er fram koma á sambandsþingi.	Óbreytt	
15.2 Sé um lagabreytingu að ræða þarf þó 2/3 hluta atkvæða sömu fulltrúa til þess að hún nái samþykki.	Óbreytt	
15.3 Kosningar samkvæmt 11. og 18. tl. 14. greinar skulu vera skriflegar sé þess óskað.	Óbreytt	
15.4 Heimilt er að stinga upp á nöfnum og mæla með þeim en kosning er óbundin af þeim.	Óbreytt	
15.5 Sambandsþing setur reglugerðir er kveða á um að hvaða málaflokkum nefndir og ráð þess skulu starfa, og hversu sjálfstætt.	Óbreytt	

16. grein

16.1 Sambandsráð er æðsti aðili USVS milli þinga sambandsins. Í því eiga sæti: a) Sambandsstjórn USVS b) Varastjórn USVS c) Formenn fastanefnda USVS d) Formenn aðildarfélaga USVS	Óbreytt	
16.2 Enginn sambandsráðsmaður getur farið með fleiri en eitt atkvæði á sambandsráðsfundi.	Óbreytt	

17. grein

17.1 Formaður USVS boðar til fundar í sambandsráði, a.m.k. einu sinni milli þinga, gjarnan um áramót.	Óbreytt	
17.2 Helsta hlutverk sambandsráðs er að leggja drög að skipulagi fyrir nýtt starfsár, sambandsstjórn til hagræðis.	Óbreytt	
17.3 Skytt er að boða til fundar í sambandsráði ef a.m.k. 1/3 hluti fulltrúa óskar þess skriflega, enda tilgreini þeir þá dagskrárefni.	Skytt er að boða til fundar í sambandsráði ef a.m.k. 1/3 hluti fulltrúa óskar þess skriflega, enda tilgreini þeir þá dagskrárefni.	Orðalagsbreyting

18. grein

18.1 Sambandsstjórn skipa 5 aðalmenn	Óbreytt	
18.2 Hvert félag skal tilnefna tvo menn sem verði í framboði til stjórnarkjörs	Óbreytt	
18.3 Fyrst skal kosinn formaður, og síðan fjórir meðstjórnendur sem skipa með sér verkum.	Óbreytt	
18.4 Þá skulu kosnir þrír menn í varastjórn og skal röð þeirra bundin. Ef varamenn eru jafnir skal röð þeirra ákveðin með hlutkesti.	Óbreytt	
18.5 Varamenn taka sæti í sambandsstjórn í forföllum aðalmanna, en skulu þess utan boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.	Óbreytt	
18.6 Stjórn er heimilt að skipa þriggja manna framkvæmdastjórn sem sjái um daglegan rekstur sambandsins.	Óbreytt	
18.7 Í framkvæmdastjórn skulu vera formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri.	Óbreytt	

19. grein

19.1 Aðalverkefni sambandsstjórnar er að stjórna starfsemi sambandsins í samræmi við lög þessi og aðrar samþykktir sem gerðar eru á þingum þess og fundum, og leitast við að viðhalda heilbrigðum félagsanda innan sambandsins.	Óbreytt	
19.2 Heimilt er sambandsstjórn að skipa nefndir til að sjá um framgang vissra málefna.	Óbreytt	

19.3 Þá er henni heimilt að ráða framkvæmdastjóra og setur hún fyrrgreindum aðilum erindisbréf.	Óbreytt	
19.4 Formenn nefnda skulu boðaðir á stjórnarfundum sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.	Óbreytt	

20. grein

20.1 Merki USVS er skjaldarlaga með fimm grænum stuðlabergsstuðlum með svörtum útlínunum, bláum stöfum USVS fyrir ofan og þrem bláum sjávarbárum að neðan á gulum grunni.	Óbreytt	
20.2 Búningar sambandsins skulu vera grænir að aðallit og skarta merki félagsins.	Búningar USVS skulu vera grænir og svartir að aðallit, og skarta merki sambandsins.	Orðalagsbreyting.

21. grein

21.1 Mál sem ágreiningur rís um í héraði skulu lúta lögum um dómstóla ÍSÍ.	Dómstólar ÍSÍ skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málum sem ágreiningur rís um í héraði, samkvæmt lögum ÍSÍ.	ÍSÍ er ekki lengur með sérstök lög um dómstóla
--	---	--

22. grein

22.1 Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi USVS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd.	Komi fram tillaga á löglega boðuðu sambandsþingi USVS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd.	Orðalagsbreyting
22.2 Því aðeins að 4/5 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa á þingi samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt. Þá skal þingi slitið tafarlaust.	Óbreytt	
22.3 Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukapings innan tveggja mánaða.	Óbreytt	
22.4 Þar skal tillagan borin upp að nýju.	Óbreytt	
22.5 Sé tillagan samþykkt með 4/5 atkvæða fulltrúa á þinginu skulu það heita lögleg sambandsslit.	Óbreytt	
22.6 Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrri fundi.	Óbreytt	

23. grein

23.1 Komi til sambandsslita samkvæmt ákvæðum 22. gr., eða ef starfsemi USVS fellur niður, skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarfélaga UMFÍ í Vestur-Skaftafellssýslu.	Óbreytt	
---	---------	--

24. grein

24.1 Með lögum þessum eru felld úr gildi eldri lög sambandsins	Óbreytt	
---	---------	--

25. grein

25.1 Lög þessi öðlast þegar gildi.	Lög þessi öðlast <u>gildi þegar framkvæmdastjórnir UMFÍ og ÍSÍ hafa staðfest þau.</u>	Lög þurfa staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
--	---	--

Lagabreytingar bornar upp í heild sinni - samþykkt samhljóða

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Þingskjal nr. 2

Almenningsíþróttaverkefni UMFÍ og ÍSÍ

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026

samþykkir að hvetja aðildarfélög til að taka þátt í almenningsíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 3

Unglingalandsmót UMFÍ 2026

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026 samþykkir

að hvetja til myndarlegrar þátttöku á 24. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 30. júlí-2. ágúst 2026.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 4

Landsmót UMFÍ 50+ 2026

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026

samþykkir að hvetja til myndarlegrar þátttöku á Landsmóti UMFÍ 50+ sem fer fram í Eyjafjarðarsveit 26.-28. júní 2026.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 5

Viðburðadagatal

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026

samþykkir meðfylgjandi tillögu að viðburðadagatali fyrir 2025-2026:

Viðburðardagatal USVS 2026-2027

Apríl 2026		
	18. apríl	Körfuboltamót USVS Kirkjubæjarklaustri
		Firmakeppni Köps & Sindra
Mai 2026		
	30. maí	Myrdalshlaupið
Júní 2026		
	1.-6. júní	Reiðskóli Sindra
	13.-14. júní	Smábæjaleikar
	26.-28. júní	Landmót UMFÍ 50+
		Knattspyrnskóli í Vík
Júlí 2026		
Ágúst 2026		
	30.júlí-2.ágúst	Unglingalandsmót UMFÍ
		Héraðsmót USVS í Vík
	22.ágúst	Reykjavíkurmaraþon
		Stelpur í fótbolta
September		
Oktober 2026		
		Körfuboltamót USVS á Kirkjubæjarklaustri
Nóvember 2026		
		Fótboltamót USVS í Vík
		Hreyfivika USVS
Desember 2026		
Janúar 2027		
Febrúar 2027		
		Innanhúsmót í frjálsum á Kirkjubæjarklaustri
Mars 2027		
		Körfuboltamót USVS í Vík
Apríl 2027		
		Fótboltamót USVS á Kirkjubæjarklaustri
		Firmakeppni Köps & Sindra
		Sambandsþing USVS í Vík

Sigurður kynnir þingskjal 5 og gefur aðildafélögum kost á að tilkynna dagsetningar á viðburðum eða mótum sem liggja fyrir. Nokkrar dagsetningar komu inn frá aðildarfélögum. Viðburðardagatalið er lifandi skjal og eru aðildarfélög hvött til að setja sig í samband við USVS um alla viðburði sem koma síðar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6

Þakkir til sjálfboðaliða

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026

Samþykkir að þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem koma að starfi aðildarfélaga USVS og íþróttahreyfingarinnar allrar. Starf sjálfboðaliðans verður ekki metið til fjár og seint fullþakkað. Takk allir sjálfboðaliðar!

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

Rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026 samþykkir að skora á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar til næstu ára.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8

Skráning á almannaheillaskrá Skattsins

56. sambandsþing USVS haldið í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 10. apríl 2026 samþykkir að hvetja aðildarfélög að sækja um skráningu á almannaheillaskrá Skattsins fyrir 1. nóvember 2026, hafi það ekki þegar verið gert. Eftir það þarf að endurnýja skráninguna árlega í byrjun árs.

Greinargerð:

Lög um skattalega hvata til almannaheillastarfsemi tóku gildi í nóvember 2021. Lögin fela í sér heimild fyrir einstaklinga til að draga allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar vegna framlaga til almannaheillastarfsemi. Auk þess er kveðið á um tvöföldun á hlutfalli sem atvinnurekstraraðilar mega draga frá skattskyldum tekjum vegna slíkra framlaga og fer það úr 0,75% í 1,5%. Einnig geta félög fengið endurgreiðslu á fjármagnstekjuskatti, séu þau á almannaheillaskrá. Markmið breytinganna er að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að styðja við almannaheillastarfsemi milliliðalaust, auk þess að styrkja stöðu lögaðila sem starfa til almannaheilla.

Samþykkt samhljóða

15. Þinghlé

Í þinghlé voru veittar viðurkenningar og þingfulltrúum var boðið í kvöldverð. Íþróttamaður ársins var kjörinn Egill Atlason Waagfjörð, önnur tilnefnd voru Ásgeir Örn Sverrisson, Svanhildur Guðbrandsdóttir og Þorsteinn Björn Einarsson. Efnilegasti íþróttamaðurinn var kjörin Freyja Dögg Atladóttir Waagfjörð, aðrir tilnefndir voru Kristófer Gunnar Bjarkason og Rúnar Smári Ragnarsson Blandon. Lið ársins var útnefnt 5. flokkur Umf. ÁS og Umf. Kötlu í fótbolta, einnig var stúlknaðið Umf. Kötlu í frjálsum íþróttum tilnefnt. Sjálfboðaliðar ársins voru útnefnd Sigmar Helgason og Þórdís Erla Ólafsdóttir Dýrfjörð.

16. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.

Þar sem þingið samþykkti breytingartillögu um að taka fyrir allar tillögur í einni málstofu voru þær tillögur sem lágu fyrir þinginu teknar fyrir jafnóðum og því var engin dagskrá undir þessum lið.

17. Önnur mál

- a. Jóhann Bragi gerir grein fyrir úthlutun úr Æskulýðssjóði 2026.
Til úthlutunar voru 450.000 kr.
Öll aðildarfélög USVS sóttu um í sjóðinn og hljóðuðu umsókninar alls upp á 1,3 milljónir króna.
Stjórn USVS ákvað að úthluta úr sjóðnum sem hér segir:
 - Hmf. Kópur reiðskóli: 35.000 kr.
 - Hmf. Kópur fræðsluferð: 65.000 kr.
 - UMFÁS leikjanámskeið: 50.000 kr.
 - UMFÁS Handboltanámskeið og fræðsla: 65.000 kr.
 - Hmf. Sindri reiðskóli: 70.000 kr.
 - GKV Golfnámskeið: 75.000 kr.
 - Umf. Katla námskeið í BJJ og hnefaleikum: 90.000 kr.
- b. Undirritun samstarfssamnings, Jóhann Bragi Elínarson formaður USVS, Björn Þór Ólafsson oddviti Mýrdalshrepps og Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri Skaftárhrepps undirrituðu tímamóta samstarfssamning sem ætlað er að efla USVS, aðildarfélögin og samfélagið allt í Vestur-Skaftafellssýslu.

18. Kosningar, álit kjörnefndar.

Jóhannes Gissurarson tók til máls fyrir hönd kjörnefndar sem hann situr í ásamt Sveini Þorsteinssyni. Jóhannes gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar:

Tillaga kjörnefndar - Stjórn USVS starfsárið 2026-2027

Formaður: Jóhann Bragi Elínarson

Aðrir stjórnarmenn:

Arna Guðbjörg Matthíasdóttir
Árni Jóhannsson
Unnur Blandon
Rannveig Ólafsdóttir

Varastjórn:

Sabina Victoria Reinholdsdóttir
Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir
Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Tillaga kjörnefndar - Skoðunarmenn reikninga og varaskoðunarmenn.

Skoðunarmenn reikninga:

Kolbrún Magga Matthíasdóttir
Sæunn Káradóttir

Varaskoðunarmenn reikninga:

Auður Eypórsdóttir
Hafdís Þorvaldsdóttir

- a) Kosning formanns skv. ákvæðum 18.gr.

Tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða. Jóhann Bragi Elínarson kjörinn formaður.

- b) Kosninga fjögurra meðstjórnenda skv. ákvæðum 18.gr.

Tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða. Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Árni Jóhannsson, Unnur Blandon og Rannveig Ólafsdóttir kjörnir meðstjórnendur.

- c) Kosning þriggja varamanna skv. ákvæðum 18.gr.

Tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða. Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Sabina Victoria Reinholdsdóttir og Þuríður Lilja Valtýsdóttir kjörnir varamenn.

- d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða. Kolbrún Magga Matthíasdóttir og Sæunn Káradóttir kjörnir skoðunarmenn reikninga og Auður Eypórsdóttir og Hafdís Þorvaldsdóttir til vara.

e) Kosning fastanefnda og ráða

Þingforseti bar upp tillögu að Jóhannes Gissurarson og Sveinn Þorsteinsson skipi kjörnefnd. Tillagan var samþykkt samhljóða.

19. Þingslit

Nýkjörinn formaður USVS, Jóhann Bragi Elínarson, þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir gott þing. Því næst kallaði hann Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur upp á svið ásamt stjórn USVS og framkvæmdarstjóra sem færðu henni þakklætisvott fyrir samstarfið á vettvangi stjórnar USVS undanfarin ár. Að þessu loknu þakkaði hann þingfulltrúum og gestum aftur fyrir og óskaði öllum góðrar heimferðar áður en hann sleit 56. sambandsþingi USVS.